

LOGMANNAFELAG ISLANDS

ÁLTAMYRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNSENDIR (TELEFAX) 697067

Reykjavík, 26. apríl 1996

**Umsögn um frumvarp til laga
um tækniþróun (154. mál)***Alþingi**Erindi nr. P. 120/1763**komudagur 26/4 1996*

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og sendja umsögn um framangreint frumvarp. Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og gerir við það eftirfarandi athugasemdir:

Laganefnd fagnar því að frumvarpið sé fram komið, þar sem brýnt er að jafn viðkvæmum málum sé skipað með lögum.

Laganefnd hafa borist nefndarálit meiri- og minnihluta allsherjarnefndar ásamt breytingartillögum. Telur nefndin að breytingartillögur meirihluta allsherjarnefndar séu til bóta, fyrir utan tillögu þá, sem gerð er um breytingu á 4. gr. frumvarpsins. Að mati laganefndar getur upphafleg nafnleyndarregla 4. gr. átt rétt á sér. Hætt er við að afnám nafnleyndar leiði til margvíslegra lögfræðilegra álltaefna/vandanála síðar. Afnám nafnleyndar geti einnig leitt til þess að dragi úr ábyrgðartilfinningu "félagslega" foreldrisins gagnvart barninu og almennt verði erfðara að halda uppi trúnaði, sem ríkja skal um tækniþróunir.

Laganefnd telur að breytingartillaga meirihluta allsherjarnefndar, um að það sé á valdi kynfrumugjafa að ákveða hvort nafni hans skuli haldið leyndu eða ekki, sé ótak. Hún feli í sér slíka mismunun fyrir börn þau, sem getin eru við tækniþróun, að óviðunandi sé. Laganefnd telur að sama regla hljóti að eiga gilda um rétt allra barna í þessu efni. Ef tillagan byggir á mannréttindasjónarmiðum hljóta réttindi barnanna að ráða, en ekki vilji kynfrumugjafans, sem er í raun "óvirkur" aðili við ákvörðun um, framkvæmd og lögfylgjur getnaðar barnsins.

Fyrir hönd laganefndar L.M.F.Í.


Andri Arnason, hfl., formaður